

Nd.

1082. Frumvarp til laga

[106. mál]

um tannlækningar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 31. maí.)

Samhljóða þskj. 845 með þessari breytingu:

3. gr. orðast svo:

Veita má þeim leyfi samkvæmt 1. gr. sem að mati tannlæknadeildar Háskóla Íslands hefur lokið sambærilegu prófi og um getur í 2. gr. Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum að umsækjandi sanni deildinni hæfni sína með prófi. Sé um erlendan ríkisborgara að ræða skal hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu. Binda má leyfið við ákveðinn tíma. Leita skal umsagnar Tannlæknafélags Íslands og landlæknis.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum tannlækna skal fara eftir ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt og samrýmist viðkomandi milliríkjasamningi.

6. gr. hljóðar svo:

Verksvið tannlækna tekur til varna, greiningar og meðferðar á tannskemmdum, tannskekku og tannleysi, til sjúkdóma, slysa og galla er þessu tengjast, þar með talið í mjúkvefjum og beinum.